

Fundur í stjórn Þyts 11. des. 2017

Mættir: Gunnar Freyr, Árni Geir, Sindri og Árni Þór sem ritaði fundinn.

1. Lagabreyting vegna aðildar að ÍSí. Ræddar nauðsynlegar breytingar á lögum klúbbsins til að vera í samræmi við reglur ÍSí. Árni Þór mun spyrjast fyrir um hvernig gangi hjá endurskoðunarnefnd laganna.
2. Ræddar hurðapumpur. Koma þarf þeim upp í samræmi við brunareglugerðir.
3. Starfsmannavesti. Ný vesti kosta 13 þúsund hjá Vélasölnni. Samþykkt að kaupa 8 vesti. Þarf að merkja vestin.
4. Loftræsting baðklefa rædd. Árni Þór fær það verkefni að fara í Íshúsið og kanna möguleika og verð.
5. Viðhald báta. Margir Optimistar lélegir. Ákvörðun um kaup verður tekin síðar en brýn nauðsyn er á að fjölga keppnisbátum.
6. Gat á girðingu. Er á fjárhagsáætlun.
7. Í turnherbergi þarf að klára raflögn og klæðningu. Gunnar Freyr athugar efnisþörf.
8. Kaup á stólum. Skal athuga seinna.
9. Mótor. Samþykkt að setja mótörinn á uppboðssíðu. Lágmarksboð 360 þúsund. Árni Geir setur upp auglýsingu.
10. Innheimta félagsgjalda komin í vinnslu.
11. Tryggingar. Fengum tilboð frá Verði sem er 45 þúsundum lægra en við erum að borga. Gunnar mun óska eftir tilboði frá Sjóvá.
12. Öryggismyndavél. Er í pöntun.
13. Flóðlýsing. Þarf að kaupa sem fyrst.
14. Neyðarútgangur. Búið að útvega smíði á vegum bæjarins. Verður farið í verkið um leið og veður lagast. Einnig þarf að setja upp reykskynjara.
15. Staðfest óformleg samþykkt milli funda að leigja salinn út til notkunar námskeiðs Skólastjóra á tilteknum dagsetningum.